



Launakjör kjörstjórna Ísafjarðarbæjar

Við fjárhagsáætlunarvinnu 2022 vegna sveitarstjórnarkosninga árið 2022 kom fram að launakjör fulltrúa yfirkjörstjórna og undirkjörstjórna hafa ekki tekið breytingum frá launaröðun sem ákveðin var árið 2006. Núverandi launröðun er skv. kjarasamningum Verkvest, lfl. 117 / 120. Tímagjald fyrir hverja stund er því kr. 3.760 / 3.862.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis (nú 15. gr. nýrra kosningalaga nr. 112/2021), ber sveitarstjórn að ákvarða laun fulltrúa í kjörstjórn sveitarfélagsins.

Greiðslum hefur verið háttað þannig að greitt er fyrir hvern fund eins og greiðslur til annarra nefndarmanna fastanefnda, og á kjördag er greidd yfirvinna fyrir hverja unna klukkustund. Auk þess er greitt 13,04% í orlof, skv. samningum.

Þegar ákvörðun var tekin 2006 um þessa launaröðun (á þeim tíma lfl. 116 / 120) var ákveðið að fjórir lfl. væru milli yfirkjörstjórnar og undirkjörstjórna. Sú röðun riðlaðist við forsetakosningar árið 2020 þegar launaflokkur 116 féll út, og greitt var skv. 117.

Við óformlega könnun á launaákvörðunum annarra sveitarfélaga kom fram að mjög misjafnt er hvernig laun eru ákvörðuð og hvort sérstaklega eru skilgreind laun fyrir hvert starf, þ.e. dyraverðir, talningamenn, undirkjörstjórn, yfirkjörstjórn, formenn o.fl. eða hvort einungis sé greitt fyrir undirkjörstjórn og yfirkjörstjórn, með álagi fyrir formann yfirkjörstjórnar eins og hjá Ísafjarðarbæ. Niðurstaðan var þó sú að laun kjörstjórnarfulltrúa hafa dregist aftur úr miðað við aðrar kjarahækkanir hjá sveitarfélaginu og miðað við önnur sveitarfélög.

Lagt er því til að horft verði til starfsmats um mat á launakjörum starfa fulltrúa í kjörstjórnnum, þannig að greitt verði fyrir fulltrúa í undirkjörstjórn skv. launaflokki 122 (skrifstofustarf II – *starf við almenn skrifstofustörf, s.s. móttöku og afgreiðslu, ljósritun, símsvörun*) og fyrir fulltrúa í yfirkjörstjórn skv. launaflokki 133 (skrifstofustarf VI - *krafa um starfsmaður hafi lokið stúdentsprófi. Starf við skrifstofustörf og þar sem sinna þarf flóknum verkefnum, s.s. textagerð til opinberrar birtingar, erlendum samskiptum bæði munnlega og skriflega. Krafist er nákvæmni- og einbeitingar vegna vinnu við skýrslugerð og fundagerðir*).

Miðað við þá launaröðun yrði greiðsla fyrir hverja unna klukkustund á kjördag kr. 3.933 / 4.350, auk þess sem greitt er kr. 20.930 fyrir fundi kjörstjórna (kr. 41.860 formaður).

Launakostnaður vegna Alþingiskosninga árið 2021 var kr. 3.560.092, en ef byggt er á sömu tímaforsendum yrðu greiðslur vegna sveitarstjórnarkosninga á sínu 2022, miðað við launaröðun skv. ofangreindum tillögum kr. 3.707.825 (mism. 147.734).